

# Stubbur

í leikgerð Rannveigar Þorkelsdóttur

## *Persónur:*

Sögumaður

Stubbur:

Pétur:

Óli:

Mamma:

Læknir:

# Stubbur

Sögumaður:

Hér sjáið þið Stubb, hann er ekki stór. Hann er bara fimm ára gamall.

Hér sjáið þið Pétur og Óla. Pétur er 8. ára og Óli er 8. ára. Pétur og Óli segja alltaf við Stubb.

Pétur og Óli:

Þú mátt ekki vera með af því að þú ert svo lítill.

Sögumaður:

Þetta þykir Stubb ósköp leiðinlegt.

Einn dag gaf mamma þeirra þeim nokkur súkkulaðistykki.

Pétur:

Mig langar í súkkulaði.

Óli:

Mig langar líka í súkkulaði.

Stubbur:

Ég vil líka fá súkkulaði. Mér þykir súkkulaði gott.

Pétur og Óli:

Þú færð ekkert súkkulaði af því að þú ert svo lítill.

Sögumaður:

Svo borðuðu þeir Pétur og Óli allt súkkulaðið, en Stubbur fékk ekkert súkkulaði af því að hann var svo lítill. Það þótti honum ósköp leiðinlegt. Honum þótti súkkulaði gott.



Allt í einu varð Péttri illt í maganum. Óla varð líka illt í maganum.

Mamma:

Farið upp í rúm strax. Ég ætla að hringja í lækinn.

Sögumaður:

Pétur og Óli fóru strax upp í rúm. Það þótti þeim leiðinlegt. Og svo kom lækinn og skoðaði þá.

Læknir:

Þið megið aldrei borða svona mikið súkkulaði í einu nema á laugardögum. Ef þið borðið svona mikið fáði þið bara illt í magann. Hér hef ég meðal handa ykkur, svo ykkur batni í maganum.

Sögumaður:

Péttri og Óla þóttu droparnir vondir. Það var ekki gott að fá illt í magann. Stubbur fékk enga dropa. Stubbur þurfti enga dropa. Honum var ekkert illt í maganum. Hann hafði ekki borðað af súkkulaðinu. Stubbur var fjarska glaður.

Sögumaður:

Dag nokkurn fékk Pétur ný föt. Óli fékk líka ný föt. Stubbur fékk engin ný föt. Það þótti Stubb leiðinlegt.

Pétur og Óli:

Þú færð engin ný föt af því að þú ert svo lítill.

Sögumaður:

Næsta dag óhreinkuðu Pétur og Óli fötin sín. Fötin urðu ljót. Það þótti þeim leiðinlegt. Þegar mamma þeirra sá hvað fötin þeirra voru orðin óhrein og ljót sagði hún.

Mamma:

En hvað þetta er nú leiðinlegt. Nú verð ég að fara að þvo.



Sögumaður:

Svo fór mamma að þvo. Hún þvoði og þvoði. Mamma var svo þreytt á því að þvo fötin sem voru svo óhrein. En nýju fötin þoldu ekki þvott, þau urðu alltaf minni og minni. Nýju fötin hlupu alltaf meira og meira, loks urðu þau svo lítil að Pétur og Óli gátu ekki notað þau. En nýju fötin voru samt nógu stór á Stubb.-Stubbur var svo lítill. Stubbur fékk tvenn ný föt. Þá varð Stubbur glaður.

Hér sjáið þið Stubb í nýju fötunum sínum. Þegar Pétur og Óli sáu Stubb í nýju fötunum, sögðu þeir.

Pétur og Óli:

Stubbur fékk nýju fötin okkar af því að hann er svo lítill. Og Stubbur fékk ekkert súkkulaði af því að við sögðum að hann væri og lítill. Og Stubbi varð ekkert illt í maganum. Þess vegna skulum við aldrei oftar segja við Stubb. Þú mátt ekki vera með okkur af því að þú ert svo lítill.

Sögumaður:

Og upp frá þessu urðu þeir bestu vinir, Pétur, Óli og Stubbur.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008